



Héraðsnefnd Árneseinga bs.

16. fundur haldinn í Árnesei

10. maí 2019 kl. 9:30

Í upphafi fundar var flutt tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Árneseinga. Eyrún Huld Ingvarsdóttir lék á fiðlu og Einar Bjartur Egilsson lék á píanó. Atriði þeirra fékk verðlaun fyrir flutning á Nótunni sem er uppskeruhátíð tónlistarskóla.

Eypór H. Ólafsson, formaður Héraðsnefndar Árneseinga, setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Ársreikningur, skýrsla og fundargerðir Tónlistarskóla Árneseinga

Helga Sighvatsdóttir og Jóhann Stefánsson sátu fyrir svörum.

Fundargerðir stjórnar Tónlistarskóla Árneseinga nr. 190 frá 26. nóvember, nr. 191 frá 11. febrúar og nr. 192 frá 18. mars voru lagðar fram og staðfestar.

Vetrarstarfið hefur verið mjög öflugt og hafa nemendur verið sér og skólanum til mikils sóma. Atriðið sem flutt var í upphafi fundar fékk viðurkenningu fyrir flutning á Nótunni en einnig var fékk rytmasveitin No sleep verðlaun á hátíðinni en hún er skipuð nemendum Tónlistarskóla Árneseinga.

Tónleikahald hefur verið með hefðbundnu sniði í vetur en nemendur skólans hafa komið fram á ýmsum viðburðum í samfélaginu á árinu. Fram undan er óperusýning á Stokkseyri sem hefur hlotið nafnið Allskynsóperan, útskriftartónleikar og skólaslit. Eldri bláasarveitir tónlistarskólans í Þorlákshöfn og á Selfossi verða með sameiginlega tónleika í lok skólaársins.

Tónlistarskólinn hefur nú aðstöðu í öllum grunnskólum í sýslunni og hefur verið kennsla á öllum stöðunum í vetur og ber að fagna því. Kennarahópur skólans er mjög þéttur og góður en fyrirhugaðar eru þó breytingar á kennurum á komandi vetri og er búið að auglýsa lausar stöður. Rætt var um húsnæðismál á Selfossi sem munu leysast þegar nýr skóli í Björkulandi verður byggður. Fram að þeim tíma þarf hins vegar að finna lausn á bráðabirgðarhúsnæði sem Árborg greiðir leigu af og er í það slæmu ástandi að aðstaðan telst ekki boðleg nemendum né kennurum lengur, enda talin heilsuspillandi. Einnig voru rædd húsnæðismál á fleiri stöðum.

Helga fór yfir ársreikninginn og svaraði fyrirspurnum.

Til máls tóku auk formanns Rakel Sveinsdóttir og Björgvin Skafti Bjarnason.

Ársreikningur Tónlistarskóla Árnesinga var lagður fram og staðfestur.

2. Skýrsla og fundargerðir framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga

Eypór H. Ólafsson, formaður, fór yfir skýrslu stjórnar og yfir þau verkefni sem unnin hafa verið frá haustfundi. Verið er að skoða hagræðingarmöguleika fyrir stofnanir Héraðsnefndar og verður á næstunni farið í að skoða tryggingar og öryggismál, vonast er til að tillögur liggi fyrir fyrir haustfundinn. Einnig er stefnan að skoða endurskoðendamála, tölvu- og nettengingar, heimasíður og markaðs- og kynningarmál. Vonast er til að það verði komnar tillögur að breytingum fyrir haustfund.

Ræddi hann um húsnæðismál Byggðasafnsins og ferilinn frá aukafundi héraðsnefndar í febrúar sl. Búið er að ganga frá samningi um húsnæðið að Búðarstíg 22 á Eyrarbakka en kaupverðið er 83,5 millj.kr. og greiðist annars vegar með húseigninni að Hafnarbrún 3 og hins vegar með peningum. Formlegur afhendingardagur er 15. maí. Byggðasafnið mun taka á leigu húsnæðið að Hafnarbrú 3 til eins árs með möguleika á framlengingu á meðan framkvæmdir standa yfir á nýja húsnæðinu. Nýlega var skipað í byggingarnefnd fyrir endurbæturnar og hefur verið ákveðið að fara í endurbætur á stóru skemmuni, einnig hefur verið ráðinn byggingarstjóri í verkið, Grímur Jónsson. Unnið er að því að sækja um stofnstyrk til mennta- og menningarmálaráðuneytisins upp á 25 millj.kr. og einnig er fyrirhugað að gera leigusamning við Þjóðminjasafn Ísland um leigu á hálfri skemmuni.

Rætt var um húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins. Þannig er háttað að geymslan í Háheiðinni er að fyllast og er líklegt að húsnæði þeirra í Ráðhúsi Árborgar verði ekki til frambúðar.

Fyrir liggur að Sveitarfélagið Ölfus vill að safnið flytjist til Þorlákshafnar og að þar verði reist sérhæft húsnæði undir starfseminu. Aðrar húsnæðislausnir hafa ekki verið skoðaðar að neinu marki enn sem komið er.

Fulltrúar framkvæmdastjórnar fóru á fund með aðilum frá Skaftárhreppi, Sveitarfélaginu Höfn og Vestmannaeyjabæ ásamt fulltrúum héraðsskjalasafna þessara sveitarfélaga. Rætt var um sameiningu safnanna eða samstarf á milli safnanna. Eypór ræddi um málefni Laxabakka og verður þeim gerð betri skil í lið 3 í fundargerð.

Skýrsla Héraðsnefndar var lögð fram og samþykkt.

Til máls tóku auk formanns Gunnar Egilsson, Ari Björn Thorarensen, Árni Eiríksson og Kjartan Björnsson.

Fundargerðir Héraðsnefndar Árnesinga bs. nr. 14 frá 22. október og nr. 15 frá 11. febrúar voru lagðar fram og staðfestar. Einnig voru fundargerðir framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs. nr. 4 frá 20. nóvember, nr. 5 frá 15. janúar, nr. 6. frá 29. janúar, nr. 7 frá 18. febrúar, nr. 8 frá 26. mars og nr. 9 frá 6. maí lagðar fram og staðfestar.

3. Staðan á málefnum Laxabakka og afstaða HÁ í málinu

Árni Eiríksson tók til máls og fór yfir málefni Laxabakka.

Á landi í sameiginlegri eigu Landverndar og Héraðsnefndar Árnesinga í Öndverðanesi

2, á austurbakka Sogsins, er burstabær eða hús sem byggt var sem sumarhús árið 1943. Húsið var í eigu Ósvaldar Knudsen. Árið 2018 eignast síðan Íslenski bærinn ehf. í Meðalholtum í Flóa húsið.

Um árabíl hefur staðið deila um hvort og þá hversu stór eignarlóð tilheyri húsinu og stendur þessi deila enn. Alviðrunefnd hefur ítrekað látið skoða málið og niðurstaðan ávallt verið sú að húsinu tilheyri engin eignarlóð og þannig stóð málið einnig þegar Íslenski bærinn eignaðist húsið. Var það skilningur Alviðrunefndar að ætlunin væri að færa húsið að Meðalholtum og endurreisa það. Það virðist síðan hafa breyst. Núverandi eigandi hússins hefur lýst því yfir að Landvernd og Héraðsnefnd hafi ekki viljað leysa þetta mál. Þó hefur Alviðrunefnd lýst yfir vilja til að finna farsæla lausn þannig að gera megi við húsið þar sem það er. Hendur Héraðsnefndar eru að sumu leyti bundnar í málinu þar sem meðeigandanum að landinu, Landvernd, er mjög annt um að ekki sé gengið á þann birkiskóg sem þarna er og að framkvæmdum í kringum umrætt hús verði haldið í algeru lágmarki.

Til máls tóku auk formanns Gunnar Egilsson, Ari Björn Thorarensen, Árni Eiríksson, Kjarran Björnsson, Helgi Kjartansson, Helgi S. Haraldsson og Smári Bergmann Kolbeinsson.

Málefni Laxabakka í landi Öndverðarness 2

Vorfundur Héraðsnefndar Árnesinga, haldinn í Árnesi þann 10. maí 2019, ályktar eftirfarandi um málefni Laxabakka:

Héraðsnefnd Árnesinga vill fyrir sitt leyti ítreka vilja til verndunar menningarsögulegra minja á húsinu Laxabakka í landi Öndverðarness. Ljóst er að ágreiningur er á milli aðila um hvort húsið standi á sér lóð. Sá ágreiningur verður ekki leystur nema fyrir dómstólum. Vorfundur Héraðsnefndar Árnesinga felur framkvæmdastjórn ásamt fulltrúa Héraðsnefndar í Alviðrunefnd að vinna að framgangi málsins í samræmi við umræður á fundinum.

4. Kosning nýs fulltrúa HÁ í stjórn Alviðru

Lagt var til að Smári Bergmann Kolbeinsson taki sæti í stjórn Alviðru í stað Árna Eiríkssonar sem óskaði eftir lausn frá setu í stjórninni. Var það samþykkt samhljóða.

5. Ársreikningur, skýrsla og fundargerðir Héraðsskjalasafns Árnesinga – staða húsnæðismála og samstarfsviðræður við önnur sveitarfélög á Suðurlandi Þorsteinn Tryggvi Músson sat fyrir svörum.

Fundargerðir stjórnar Héraðsskjalasafns Árnesinga nr. 3 frá 1. nóvember, nr. 4 frá 14. mars og nr. 5 frá 30. apríl voru lagðar fram og staðfestar.

Þorsteinn ræddi um viljayfirlýsingu vegna sameiningar fjögurra héraðsskjalasafna þ.e. Héraðsskjalasafns Árnesinga, Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga, Austur-Skaftfellinga og Vestmannaeyja. Einnig hefur verið velt upp að gerðir verði þjónustusamningar eða að Héraðsskjalasafn Árnesinga taki að sér verkefni í verktöku. Þakkaði Þorsteinn Sævari Loga Ólafssyni fyrir störf fyrir safnið undanfarin 10 ár en

hann hefur sagt starfi sínu lausu á safninu. Verið er að vinna að því að ráða inn nýjan aðila í hans stað og líður að því að því ferli ljúki.

Þorsteinn ræddi um styrki til safnsins í sambandi við verkefni og þá sérstaklega í sambandi við ljósmyndaverkefnið, ásamt styrkjum til annarra verkefna sem eru í gangi. Frá árinu 2010 þá hefur orðið gríðarlega mikil breyting á styrkveitingum til safnsins. Samdráttur hefur verið í styrkjum frá ríkinu þó að breyting á lögum sé að hafa í för með sér aukinn kostnað. Mikil vinna hefur farið í að setja inn verkefni frá byggingarfulltrúum en verið er að skanna inn gögn frá þeim.

Ræddi Þorsteinn um miðlunarvef safnsins en þar inni eru fundargerðarbækur og gjörðarbækur frá sveitarfélögum ásamt ýmsu fleiru sem búið er að skanna inn og er nú aðgengilegt fyrir alla. Einnig er hægt að komast þarna inn í skjalaskrár.

Ársreikningur Héraðsskjalasafns Árnesinga var lagður fram og staðfestur.

Til máls tóku auk formanns Ari Björn Thorarensen, Kjartan Björnsson og Njörður Sigurðsson.

Kjartan Björnsson afhenti safninu fyrir nokkrum árum viðtöl sem hann tók við aðila af svæðinu, nú gefur hann safninu leyfi til að setja þessi viðtöl á miðlunarvefinn svo að fleiri geti notið. Þökkðu fundarmenn Kjartani fyrir það.

Eypór H. Ólafsson ræddi um húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnesinga og hvert skuli stefna.

Rakel Sveinsdóttir úr Ölfusi tók til máls og ræddi um boð frá Sveitarfélaginu Ölfusi um að nýtt framtíðarhúsnæði héraðsskjalasafnsins verði byggt í Þorlákshöfn og kynnti enn frekari hugmyndir frá sveitarfélaginu. Verktakafyrirtækið Hamrakór er tilbúið til að vera byggingaraðili og framtíðarleigusali fyrir safnið.

Lagt var fram bréf til stjórnar safnsins frá Hamrakór um framtíðaruppbyggingu safnsins.

Til máls tóku auk formanns Helgi S. Haraldsson, Gestur Þór Kristjánsson, Ari Björn Thorarensen, Helgi Kjartansson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Friðrik Sigurjónsson, Kjartan Björnsson, Njörður Sigurðsson og Halldóra Hjörleifsdóttir.

Vorfundur Héraðsnefndar Árnesinga, haldinn í Árnesi þann 10. maí 2019, ályktar eftirfarandi um húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnesinga:

Vorfundur HÁ 2019 samþykkir að fela framkvæmdastjórn nefndarinnar að vinna áfram að framtíðarlausn á húsnæðismálum Héraðsskjalasafns Árnesinga. Áfram verði unnið að viðræðum við aðrar sýslur og sveitarfélög á Suðurlandi varðandi sameiningu eða samvinnu héraðsskjalasafna þeirra, svo endanleg húsnæðisþörf komist á hreint. Í framhaldi af því verði gerð nákvæm þarfagreining og kostnaðaráætlun verksins, sem lögð verði fyrir haustfund HÁ. Þar verði tekin ákvörðun um hvort farið verði í byggingu húsnæðis fyrir safnið eða kaup á húsnæði og staðsetningu þess.

Hádegishlé

Heimsókn í nýju slökkvistöðina í Árnesi

Pétur Pétursson, slökkviliðsstjóri, Haukur Grönli, Unna Björg Ögmundsdóttir og Einar Guðnason, varðstjóri í Árnesi, tóku á móti fundarmönnum í nýju slökkvistöðinni í Árnesi.

6. Ársreikningur, skýrsla og fundargerðir Almannavarna Árnessýslu

Pétur Pétursson sat fyrir svörum.

Fundargerð framkvæmdaráðs Almannavarna Árnessýslu nr. 1 frá 18. desember og nr. 2 frá 20. febrúar voru lagðar fram og staðfestar.

Til máls tóku auk formanns Ari Björn Thorarensen.

Ársreikningur fyrir Almannavarnir var lagður fram og staðfestur.

7. Ársreikningur, skýrsla og fundargerðir Brunavarna Árnessýslu

Pétur Pétursson sat fyrir svörum.

Pétur ræddi um fræðsluvefinn gróðureldar.is. Um er að ræða samstarfsverkefni Brunavarna Árnessýslu, Félags slökkviliðsstjóra á Íslandi, Skógræktarinnar, Mannvirkjastofnunar, Verkís og Sumarhúsafélags Íslands. Félag slökkviliðsstjóra sér um að uppfæra vefinn. Mikil ánægja er með vefinn og hefur Landbúnaðarháskólinn óskað eftir námskeiði í vörnum við gróðureldum sem er hugsað fyrst og fremst fyrir sumarhúsaeigendur og skógræktendur.

Fór Pétur yfir umferðartölur í sýslunni. Ekki hefur orðið eins mikil aukning milli síðustu tveggja ára og undanfarin ár en þó fóru hátt í 4 millj. bíla undir Ingólfsfjall á árinu 2018. Pétur telur mjög mikilvægt að leggja hart að ríkinu að fara í endurnýjun á Ölfusárbrú, þar sem bílafjöldi þar um er gríðarlegur. Ekki hefur orðið banaslys á Helligsheiði eftir að víravegriðið var sett upp og ber að fagna því. Einnig fór Pétur yfir fjölda útkalla á stöðvar BÁ á árinu.

Verkefni sem brunavarnir hafa verið að sinna eru fjölbreytt og eru miserfið.

Vinnuaðferðir eru mismunandi eftir verkefnum. Það skiptir gríðarlega miklu máli að hafa æfingar fyrir útkallsaðila, með því verða viðbrögð og vinnuaðferðir bætтар.

Dagvinnumenn ná að svara ansi mörgum útköllum.

Fundargerðir stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 3 frá 12. nóvember, nr. 4 frá 31. janúar og nr. 5 frá 30. apríl voru lagðar fram og staðfestar.

Til máls tóku auk formanns, Helgi Kjartansson, Kjartan Björnsson, Friðrik Sigurbjörnsson og Njörður Sigurðsson.

Ársreikningur Brunavarna Árnessýslu var lagður fram og staðfestur.

8. Ársreikningur og fundargerðir Listasafns Árnesinga

Inga Jónsdóttir sat fyrir svörum.

Inga sagði frá starfsemi safnsins. Árið hófst á því að haldið var áfram með sýninguna Verulegar, næsta sýning sem sett var upp var Þjórsá frá rótum til ósa og var sýningin

vel sótt og meðal annars af börnum en samhliða voru sýnd verk úr safni, bæði myndir og leirverk. Aðgengi að menningu er mikilvægt til að lifa í skapandi samfélagi og er Listasafn Árnesinga sannarlega að leggja sitt af mörkum í þeim efnum. Sýningin Hvergerði var einnig sett upp. Einnig var tekin inn sýning frá Listaháskólanum en það var útskriftarverkefni verkfræðinema sem voru að taka út heimili listamanna í Hveragerði. Á haustmánuðum voru leirlistarsýningin Frá mótun til muna og sýning á verkum Halldórs Einarssonar Í ljósi samtímans gríðarlega vel sóttar.

Í lok skólaárs grunnskólanna var samstarf milli Grunnskólans í Hveragerði, Flóaskóla, Grunnskóla Ölfuss og Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri. Unnið var mismunandi þema, í lokin var svo sýning á verkunum.

Safnið hefur fengið styrki sem þeir hafa nýtt vel og unnið vel úr og var það m.a. unnið í samvinnu við Grunnskólann í Hveragerði. Listasmiðjur hafa einnig verið í gangi og fjölskyldusmiðja er í gangi síðasta sunnudag hvers mánaðar. Boðið var upp á tálgunarsmiðjur og voru þær í gangi, bæði inni og úti, ásamt því að bjóða upp á námskeið. Skemmtilegt samstarf hefur verið á milli safnsins og Tónlistarskóla Árnesinga.

Listasafnið fékk Íslensku safnaverðlaunin 2018 og voru þau afhent af forseta Íslands á Bessastöðum. Gestir safnsins voru 10.230, þar af voru börn 1.827.

Ræddi Inga um samning við Myndstef.

Fundargerðir stjórnar Listasafns Árnesinga frá 30. apríl og 6. maí voru lagðar fram.

Liður 5 úr fundargerð frá 6. maí.

Listasafni Árnesinga stendur til boða að kaupa listaverkið Árnesing eftir Brynhildi Þorgeirsdóttur fyrir 13 millj.kr. en listamaðurinn sjálfur er tilbúinn að leggja sjálfur til 5 millj.kr. en stjórn safnsins vísaði málinu til Héraðsnefndar til afgreiðslu.

Til máls tóku auk formanns og Ingu safnstjóra Helgi S. Haraldsson, Kjartan Björnsson, Ari Björn Thorarensen, Óttar Bragi Þráinsson, Njörður Sigurðsson, Björgvin Skafti Bjarnasson og Helgi Kjartansson.

Lagt er til að Héraðsnefnd samþykki að kaupa listaverkið Árnesing og felur vorfundur Héraðsnefndar Árnesinga formanni HÁ, stjórnarmönnum Listasafnsins og safnstjóra að ganga til samninga við listamanninn og leggja fyrir með fjárhagsáætlun fyrir haustfund.

Samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða, 3 fulltrúar voru á móti.

Fundargerðir voru staðfestar.

Til máls tóku auk formanns Helgi S. Haraldsson.

Ársreikningur Listasafns Árnesinga var lagður fram og staðfestur.

9. Ársreikningur og fundargerðir Byggðasafns Árnesinga

Lýður Pálsson sat fyrir svörum.

Lýður fór yfir húsasögu Byggðasafnsins í gegnum árin, starfsmenn, gestafjölda, sýningar og uppákomur sem eiga sér stað í safninu.

Ræddi Lýður um kaupin á Búðarstíg 22 en Þjóðminjasafnið hefur áhuga á að leigja hluta af nýja húsnæðinu. Lýður hefur áhyggjur af lausafjárstöðu safnsins. Ræddi Lýður um starfsmannamál og telur nauðsynlegt að bæta við einu stöðugildi þó ekki væri nema tímabundið vegna fyrirhugaðra flutninga.

Sögusýningin *Litla Hraun* hefur verið í gangi frá því í vetur og hefur sýningin verið vel sótt. Búið er að ráða sumarstarfsfólk og undirbúa sumaropnun. Ræddi hann um styrk sem hann er búinn að sækja um vegna framkvæmda við Búðarstíg og tölvumál og lén sem er nú orðið virkt.

Til máls tók auk formanns Ari Björn Thorarensen.

Fundargerðir stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 4 frá 30. október, nr. 5 frá 22. febrúar, nr. 6 frá 2. apríl, nr. 7 frá 19. apríl og nr. 8 frá 7. maí voru lagðar fram og staðfestar.

Fundargerðir byggingarnefndar Byggðasafns Árnesinga nr. 1 frá 16. apríl og nr. 2 frá 23. apríl voru lagðar fram og staðfestar.

Ársreikningur Byggðasafns Árnesinga var lagður fram og staðfestur.

Árni Eiríksson ræddi um húsnæðisbreytingarnar en safnið hefur ekki úr miklu að spila fjárhagslega séð. Áætlað er að fara í að laga fyrsta hlutann á húsinu við Búðarstíg en 15. maí. verður húsið afhent. Einnig hefur verið samið um verkfræðivinnu en Samúel Smári Hreggviðsson bauð best í það. Áfram verður svo unnið að því hvernig og hvað á að fara í af framkvæmdum. Húsnæðismálum Byggðasafnsins voru gerð skil í skýrslu stjórnar hér fyrir í fundargerð.

Vorfundur Héraðsnefndar Árnesinga, haldinn 3. maí í Árnesi samþykkir, samhljóða að um leið og farið verður í viðgerðir á stóru skemmunni verði farið í að lagfæra eystri hluta á þekju á næsta húshluta.

10. Ársreikningur Héraðsnefndar Árnesinga

Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður, fór yfir reikninginn. Reikningurinn var lagður fram og staðfestur.

Til máls tóku auk formanns og fjárhaldsmanns Ari Björn Thorarensen og Helgi S. Haraldsson.

11. Önnur mál

Vorfundur Héraðsnefndar Árnesinga samþykkir samhljóða að veita Ara Birni Thorarensen heimild til að ganga frá þinglýsingu á gögnum vegna Áshildarmýrar.

Ekki voru fleiri mál til umræðu. Eyþór þakkaði fundarmönnum og starfsmönnum fyrir góðan fund og óskaði þeim góðrar heimferðar.

Kl. 16:30 - Ferð í Þjóðveldisbæinn.

| | |
|---------------------------|-------------------------------|
| Eyþór H. Ólafsson | Hveragerði |
| Árni Eiríksson | Flóahreppur |
| Kjartan Björnsson | Árborg |
| Helgi S. Haraldsson | Árborg |
| Rakel Sveinsdóttir | Sveitarfélagið Ölfus |
| Helgi Kjartansson | Bláskógabyggð |
| Óttar Bragi Þráinsson | Bláskógabyggð |
| Bjarni Þorkelsson | Grímsnes- og Grafningshreppur |
| Smári Kolbeinsson | Grímsnes- og Grafningshreppur |
| Halldóra Hjörleifsdóttir | Hrunamannahreppur |
| Bjarney Vignisdóttir | Hrunamannahreppur |
| Friðrik Sigurbjörnsson | Hveragerði |
| Njörður Sigurðsson | Hveragerði |
| Björgvin Skafti Bjarnason | Skeiða- og Gnúpverjahreppur |
| Ari Björn Thorarensen | Árborg |
| Arna Ír Gunnarsdóttir | Árborg |
| Brynhildur Jónsdóttir | Árborg |
| Eggert Valur Guðmundsson | Árborg |
| Gunnar Egilsson | Árborg |
| Tómas Ellert Tómasson | Árborg |
| Rósa Matthíasdóttir | Flóahreppur |
| Gestur Þór Kristjánsson | Sveitarfélagið Ölfus |
| Jón Páll Kristófersson | Sveitarfélagið Ölfus |
| Ingibjörg Garðarsdóttir | fjárhaldsmaður |
| Rósa Sif Jónsdóttir | ritari |